

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Búðarhálsvirkjun, breyting á skipulagsmörkum við Hald.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar er varðar Hald, gangnamannahús. Í breytingunni felst að á uppdrætti er fellt út svæðið umhverfis skálann Hald og aðkomuveg að honum. Nýtt deiliskipulag fyrir skálann hefur tekið gildi.

Samþykkt í hreppsnefnd 21. febrúar 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. febrúar 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**